



Borgarráð

### **Vinaborgarsamningur milli Reykjavíkur og Lviv í Úkraínu**

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavík og Lviv í Úkraínu verði vinaborgir.

#### ***Greinargerð:***

Þann 1. mars 2022, fimm dögum eftir innrásina, sendi borgarstjórn frá sér einróma ályktun þar sem innrás Sambandslýðveldisins Rússlands í Úkraínu var fordæmd og samstöðu og stuðningi lýst yfir við fólkið í Úkraínu. Ályktunin var þýdd og send til borgarstjóra Kiev og Lviv, auk borgarstjórans í Moskvu og Sendiráðs Rússlands á Íslandi.

Í framhaldi af því, átti Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fjarfund með Andriy Sadovyi borgarstjóra Lviv þann 20. apríl 2022, þar sem þeir ræddu afleiðingar innrásarinnar og samstöðu Reykjavíkur með úkraínskum borgum. Á þeim fundi ræddu þeir einnig samstarfssamning Reykjavíkur og Moskvu, sem tók gildi árið 2007 og mögulegt vinaborgarsamstarf Reykjavíkur og Lviv. Borgarráð samþykkti svo einróma á fundi sínum 1. september 2022 að slíta vinaborgarsamstarfi við Moskvu, og var borgarstjóra Moskvu og Sendiráði Rússlands á Íslandi tilkynnt um riftunina.

Í tilefni þess að ár er liðið frá því að rússnesk stjórnvöld réðust inn í Úkraínu og rufu þar með frið sem ríkt hefur í Evrópu um árabil, er lagt til að borgarráð samþykki að formgera vinaborgarsamstarf Reykjavíkur og Lviv og tilkynna um það föstudaginn 24. febrúar 2023, ári frá hinni ólöglegu innrás. Í samvinnu borganna verði unnin sérstakur vinaborgarsamningur sem lagður verði fyrir borgarráð til staðfestingar.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

**SAMNINGUR UM SAMSTARF  
MILLI  
REYKJAVÍKURBORGAR (ÍSLANDI) OG LVIV (ÚKRAÍNA)**

Dagur B. Eggertsson borgarstjóra fyrir hönd Reykjavíkurborgar og Andriy Sadovyy borgarstjóri f.h. Lviv, hér eftir nefndir í sameiningu sem aðilar og hvor í sínu lagi sem aðili, hyggjast:

- auka gagnkvæman skilning og vinsamleg samskipti á milli borganna tveggja;
- taka tillit til mikilvægis gilda eins og lýðræðis, frelsis, réttarríkis og mannréttinda;
- stefna að því að efla samvinnu borganna Lviv og Reykjavík á mismunandi sviðum þjóðlífs;
- viðurkenna að samvinna borganna er mikilvægur þáttur í sambandi Úkraínu og Íslands.

Í því samhengi samþykkja aðilar eftirfarandi:

**§ 1. EFNI SAMNINGSINS**

Aðilar munu efla og styðja við vinsamleg samskipti aðila til frambúðar og hvetja til gagnkvæmrar samvinnu á þeim sviðum sem skipta máli fyrir borgara Lviv og Reykjavíkur.

**§ 2. SKULDBINDINGAR AÐILA**

1. Aðilar munu skiptast á upplýsingum og reynslu og hvetja til tvíhliða samvinnu, innan heimilda þeirra og í samræmi við viðeigandi landslög, á eftirfarandi sviðum:

- 1.1 lista og menningar;
- 1.2 forvarna og æskulýðsmála – „Youth in Iceland“ líkan;
- 1.3 heilbrigðisþjónustu og endurhæfingar;
- 1.4 félagslegrar velferðar;
- 1.5 orku og grænnar tækni;
- 1.6 samgöngu og hreyfanleika í borgum;
- 1.7 kynningu á borgunum;
- 1.8 nýsköpun.

**§ 3. NÁNARI ÁKVÆÐI**

1. Ef aðilar greina sérstök samstarfsverkefni innan framangreindra samstarfssviða er þeim heimilt að undirrita sérstaka samninga um samstarf í samræmi við viðeigandi landslög.

2. Lviv og Reykjavík munu eiga samstarf og skiptast á framtíðarsýn innan alþjóðastofnana og alþjóðasamtaka borga sem borgirnar eru aðilar að.

3. Samningur þessi öðlast gildi við undirritun og er hvorum aðili um sig heimilt að segja honum upp hvenær sem er á samningstíma. Þá er heimilt að breyta eða bæta við samninginn með samþykki beggja aðila. Allar breytingar á samningi þessum skulu settar fram skriflega og vera undirritaðar af viðurkenndum fulltrúum hvors aðila. Tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar á samningi þessum skal senda hvorum aðila eins fljótt og auðið er.

4. Samningur þessi var undirritaður í Lviv 23. maí 2023, í tveimur eintökum, hvert á úkraínsku, íslensku og ensku, og hafa öll tungumál sömu rétt hæð. Ef misræmi er á milli merkinga samkvæmt tungumálum samningsins, skal texti hans á ensku ráða úrslitum um merkingu.

Fyrir hönd Lviv borgar

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

ANDRIY SADOVYY  
BORGARSTJÓRI LVIV

DAGUR B. EGGERTSON,  
BORGARSTJÓRI REYKJAVÍKURBORGAR